



Menningar-, íþróttta- og tómsfundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Frístundakortið - svar við fyrirspurn um hlutfallslega notkun Frístundakortsins til íþróttaiðkunar.

Á fundi borgarráðs 31. október 2019 var svohljóðandi fyrirspurn vísað til meðferðar menningar-, íþróttta- og tómsfundaráðs:

"Fram hefur komið í svari frá velferðarráði að haustið 2018 voru 6.298 börn í 1.-4. bekk. Frístundastyrkur var nýttur upp í greiðslu fyrir dvöl 1.503 barna á frístundaheimili eða 23,9% þeirra.

Einnig hefur komið fram í svari m.a. frá ÍTR að minnsta notkun frístundarkortsins er í 111 og minnstu notkun í íþróttir er einnig í 111.

Sú fyrri innan við 70 prós og seinni 21 prós stúlkna og 43 prós drengja sem sagt lang lægst af öllum hinum. Þetta er staðan þrátt fyrir að Leiknir í Breiðholti er með sérlega ódýr æfingargjöld sem skyldi ætla að fleiri börn nýttu kortið í íþróttir í 111.

Flokkur fólksins óskar eftir að vita í hvað mörgum tilfellum af þessum 1503 er verið að skipta frístundarkortinu, nota hluta þess í frístundarheimili og hluta í æfingargjöld og í hvaða röð, hvort er í forgangi.?

Óskað er eftir að þegar spurt er eins og hér að ef í svari sé talað um fjölda sé einnig tilgreindur heildarfjöldi. Þegar talað er um „flest börn“ þarf að segja hlutfallið. Einnig að notuð sé sama eining eins og hægt er t.d. að svör koma í prósentum til þess að hægt sé að bera saman svörin."

1540 börn nýta Frístundakortið til þess að greiða fyrir frístundaheimli að fullu eða að hluta (Frístundaheimili Reykjavíkurbogar, Ísaksskóli, Barnaskóli Hjallastefnunar og Langholtsskóli)

Af þessum 1540 börnum eru 175 sem nota kortið að fullu til þess að greiða fyrir frístundaheimili, 1365 nota frístundakortið bæði á frístundaheimili og í aðar tómsfundir. Ekki er hægt að sjá hvort ráðstafað er á undan á frístundaheimili eða í tómsfundir nema að fara inn í hvert og eitt barn og skoða stöðu þess. Tekið var slembiúrtak 20 barna úr öllum hverfum af þeim börnum sem nota frístundakort bæði í frístundaheimili og í tómsfundir 16 ráðstöfuðu í tómsfundir fyrst og 4 ráðstöfuðu fyrst í frístundaheimili fyrst.

Meðfylgjandi er tafla sem sýnir ráðstöfun í hverju hverfi Reykjavíkurbogar fyrir sig

Póstnúmer	Fjöldi barna sem ráðstafar fristundakorti á fristundaheimili að hluta eða öllu leiti	Heildarfjöldi 6-9 ára barna í hverfi	Hlutfall barna sem notar fristundakort á fristundheimili	Meðaltalsráðstöfun þessara barna í fristundaheimili	Fjöldi barna sem nýta 50.000 á fristundaheimili	Hlutfall 6-9 ára barna sem nota allt fristundakortið í fristundaheimili	Fjöldi barna sem nota kortið í fristundaheimili og aðrar tómstundir	Hlutfall barna í hverfi nota hluta af fristundakorti á fristundaheimili
101	124	549	23%	21,027	11	2.0%	113	20.6%
103	14	88	16%	19,013	2	2.3%	12	13.6%
104	126	516	24%	22,061	13	2.5%	113	21.9%
105	200	766	26%	20,155	22	2.9%	178	23.2%
107	107	543	20%	21,006	13	2.4%	94	17.3%
108	140	668	21%	20,225	16	2.4%	124	18.6%
109	182	696	26%	22,396	19	2.7%	163	23.4%
110	183	764	24%	20,617	19	2.5%	164	21.5%
111	101	415	24%	26,083	21	5.1%	80	19.3%
112	221	890	25%	19,592	19	2.1%	202	22.7%
113	129	483	27%	22,300	19	3.9%	110	22.8%
116	13	23	57%	15,468	1	4.3%	12	52.2%

Ómar Einarsson.